

129

27. júní

Allar sölubúðir nema brauðsölubúðir skulu lokaðar vera alla helgidaga þjóðkirkjunnar, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst-mánuði og 1. desember.

2. gr.

3. gr.

Brauðsölubúðir mega vera opnar alla þá daga, er um getur í 2. gr., nema jóla-dag og páskadag, frá kl. 9 árdegis til kl. 1 eftir hádegi (kl. 13), eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þó er þeim óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða annað en lyf og aðrar sjúkravörur.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum, torgum eða annars staðar í kaптúninu utan verzlunarhúsa nokkurn þann varning, sem ekki má selja án verzlunarleyfis, nema salt, kol, olíu, veiðarfæri og matvæli til báta og skipa, svo og bifreiðum benzín og olíu.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, og leyfa sölu vissa daga vegna góðgerðarstarfsemi eða annarra almennings heilla.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 100—1000 krónum, er renna í sveitar-sjóð Blönduóshrepps.

Mál út af brotum samþykktarinnar skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Blönduóshrepps samkvæmt lög-um nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1950.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Gísli Jónasson.

130

28. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 72 4. apríl 1940 um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

2. málsg. c-liðs 7. gr. orðist svo:

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða veru-legan hluta hennar, eða hún er ekki mæld eða verðlögð, eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjald við stærð rafals í orkuveri, eða þá orku, sem aflvél rafalsins skilar, og skal vera 5 krónur á hvert kílóvatt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946. Reglu-gerðin öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.